



Dagsetning: 14. desember 2022
Málsnúmer: 2212065/5.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Í tilefni af því að lög um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 sem fjalla um barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar koma til framkvæmda 1. janúar 2023 ber sveitarfélögum að endurskoða samþykktir um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélaga, einkum framsetningu á valdframsali til tilgreindra starfsmanna barnaverndarþjónustu, til fullnaðarafgreiðslu mála, og eftir atvikum samninga um samvinnu sveitarfélaga um barnaverndarþjónustu. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2021.107.html>

Með lagabreytingunni skiptist valdsvið og hlutverk barnaverndar í verkefni barnaverndarþjónustu annarsvegar og umdæmisráð barnaverndar hinsvegar.

Hlutverk og valdsvið umdæmisráðs/ráða er skilgreint í 13. gr. laganna:

Umdæmisráð eru sjálfstæð í störfum sínum og standa utan við almenna stjórnarsýslu sveitarfélaga. Ráðsmenn umdæmisráðs barnaverndar taka ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála.

Umdæmisráð tekur eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði:

- 1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.*
- 2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.*
- 3. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr.*
- 4. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjársviptingu, sbr. 29. gr.*
- 5. Umgengi í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr.*

Hlutverk og valdsvið barnaverndarþjónustu tekur því umtalsverðum breytingum. Drög að samþykkt til fullnaðarafgreiðslu mála til barnaverndarþjónustu fylgja hér með til umfjöllunar. Samþykktin er ítarleg enda er það í samræmi við almenn ákvæði um framsal á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála í sveitarstjórnarlögum, sbr. 42. gr. Samþykktin sjálf þarf að fela í sér eiginlega ákvörðun um framsal valds til fullnaðarákvörðunar og þar með að hægt sé að ráða af samþykktinni sjálfri hvaða fullnaðarákvarðanir það eru sem tilgreindur starfsmaður/starfsmenn má/mega taka.

Laufey Þórðardóttir

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

